



# EFNISYFIRLIT

4

Frá forstjóra • Heildarstefna • Framkvæmdaráð • Skipulag og stjórnun • Skýrsla í samræmi við GRI • Hagsmunaaðilar • Markmið og árangur • Sjálfbærnistjórnun • Lykilmarkmið 2012–2014

16

## VIÐSKIPTAVINIR

Ánægja viðskiptavina • Vöruval • Fræðsla • vinudin.is • Fjölnota pokar • Vínúðir ársins

24

## MANNAUÐUR

Starfsánægja • Lífandi, skemmtilegur og heilsueflandi vinnustaður • Upplýsingagjöf • Slysaskráning og fjarvistir vegna veikinda • Starfsmannafjöldi og ársverk • Námskeið og starfsþróun

32

## SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Global Compact • Fyrirkomulag einkasölu áfengis á Íslandi • Skilríkjaeftirlit • Herferðir • Umhverfið • Skil umbúða til endurvinnslu • Norrænt samstarf á sviði samfélagslegrar ábyrgðar

38

## EIGANDINN

Rekstur • Hagnaður og sölutölur • Framkvæmdir • Dreifing • Sjálfbær orkunotkun – endurnýtanleg orka

41

## BIRGJAR

Stefna og framkvæmd ÁTVR gagnvart birgjum • Viðhorf birgja og upplýsingagjöf • Gæðaeftirlit vöru • Önnur innkaup • Samfélagsleg ábyrgð birgja • Umbætur

46

## ÁRSREIKNINGUR

Ársreikningur • Skýringar • Sundurliðanir

74

## EFNISYFIRLIT GRI

78

## VIÐAUKI

# FRÁ FORSTJÓRA

Rekstur ÁTVR gekk ágætlega á árinu. Salan í áfengi var heldur meiri en í fyrra og sama má segja um sölu á vindlingum. Sala á neftóbaki heldur áfram að aukast og er það áhyggjuefni. Kannanir sýna að neyslan á neftóbaki hefur færst í munn og nú er svo komið að yfirgnæfandi hluti neftóbaksins er notaður í munn. Nýir notendur eru helst ungir karlmenn. Samkvæmt lögum er sala munntóbaks ólögleg á Íslandi. Það er siðferðileg spurning hvenær íslenska neftóbakið, sem búið er að framleiða eftir sömu uppskrift frá því fyrir stríð, er raunverulega orðið að munntóbaki og þar með ólöglegt. Í dag er íslenska neftóbakið sem ÁTVR framleiðir eina reyklusa tóbakið á markaðinum. Engin formleg skilgreining er til á því hvaða eðlisþættir það eru sem greina á milli neftóbaks og munntóbaks. ÁTVR hefur vakið athygli heilbrigðisyfirvalda á málinu en ljóst er að neysluaukningin á neftóbakinu er slæm og nauðsynlegt að sporna við þróuninni.

Veturinn var starfsfólki ÁTVR erfiður. Tíðarfarið var með eindæmum leiðinlegt og neikvæð umfjöllun um ríkisstarfsmenn var áberandi í fjölmiðlum. Upplifunin var þannig að ríkisstarfsmenn eiga helst að vera andlitslaus grár skari á lágum launum sem ekki má umbuna fyrir vel unnin störf og hvað þá fara á námskeið eða fá fræðslu til að efla sig í starfi. Auðvitað er samt ætlast til að þeir skili óaðfinnanlegu vinnuframlagi.

Undirritaður hefur starfað fyrir ríkið í rúma þrjá áratugi og jafnan liðið vel í starfi. Í vetur var umræðan um opinbera starfsmenn oft svo neikvæð að mér leið stundum eins og ég væri þriðja flokks borgari og hálfgerður baggi á þjóðfélaginu. Við þetta bættist að frumvarp um afnám einkaleyfis ÁTVR á smásölu áfengis var til umfjöllunar á Alþingi. Frumvarpið hefur valdið starfsfólki ÁTVR hugarangri því það gerir ráð fyrir að sala á öllu áfengi færist frá ÁTVR til einkaaðila, Vínbúðum ÁTVR verði lokað og flestu starfsfólki sagt upp störfum. Hjá ÁTVR starfa margir sem komnir eru yfir miðjan aldur og reynslan hefur sýnt að þessi hópur á erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum. Eðlilegt er að starfsfólk hafi áhyggjur þegar verið er að fjalla um lífsafkomu þess og mörgum líður ekki vel.

Áhyggjur starfsfólksins bitna ekki á viðskiptavinum því enn og aftur gefa viðskiptavinir ÁTVR okkur hæstu einkunn af öllum fyrirtækjum sem mæld eru í Íslensku ánægjuvögunni. ÁTVR er með ánægðustu viðskiptavini á Íslandi annað árið í röð. Nú fengum við 74,8 stig og höfum aldrei mælst hærri. Við erum innilega þakklát viðskiptavinum okkar fyrir svo háa einkunn. Greinilegt er að það eru ekki viðskiptavinir ÁTVR sem eru að biðja um breytingar á fyrirkomulagi áfengissölu. Þar eru einhverjir aðrir hagsmunir á ferðinni.

Þegar þessi orð eru rituð er frumvarpið um afnám einkasölnunar enn til umfjöllunar á Alþingi. Við kynningu þess síðastliðað sumar var látið að því liggja að þetta væri þjóðarvilji og meirihluti þingmanna væri hlynntur málinu, löngu tímabært væri að færa áfengissölu til nútímans og leggja niður fornaldarfyrirbærið ÁTVR. Áhugi á málinu var mikill. Í upphafi var umfjöllunin einhliða og jafnvel heyrðust þau sjónarmið að það væri bara formsatriði að

ÁTVR er með ánægðustu viðskiptavini á Íslandi annað árið í röð. Nú fengum við 74,8 stig og höfum aldrei mælst hærri.

leggja málið fyrir Alþingi, svo sjálfsagt væri það. Þegar leið á sumarið og kom fram á haustið fóru fleiri raddir að heyrast og andstaða við frumvarpið kom fram. Nú benda skoðanakannanir eindregið til þess að almenningur sé andvígur málinu. Þegar stofnanir eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, Umboðsmaður barna, Landlæknir og félagasamtök á borð við Barnaheill, Læknafélag Íslands og félag lýðheilsufræðinga leggjast eindregið gegn breytingunni er eðlilegt að staldrað sé við og skoðað hvort það sé raunverulega samfélaginu til góðs að leggja niður ríkiseinkasölu á áfengi.

Erfitt er að standa á hliðarlínunni þegar verið er að fjalla um málefni sem snerta mann persónulega en ákvörðunin um fyrirkomulag áfengissölu er í eðli sínu pólitísk og í réttum höndum hjá alþingismönnum. Umfjöllunin hefur verið ítarleg og mörg ágæt sjónarmið komið fram.



Svo virðist að eftir að umræðan þroskaðist og ítarlegar upplýsingar um neikvæðar afleiðingar afnáms áfengiseinkasölnunar komu fram hafi andstaðan við frumvarpið aukist.

ÁTVR sendi umsögn til Allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarpið. Í umsögninni var meðal annars tekið saman yfirlit yfir líklegar afleiðingar frumvarpsins, verði það að lögum. Samantektin byggði m.a. á nýjustu rannsóknnum og reynslu annarra þjóða og var sundurliðuð annars vegar í áhrif á neytendur og hins vegar á lýðheilsu og samfélag. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu atriðum samantektarinnar.

Svo virðist að eftir að umræðan þroskaðist og ítarlegar upplýsingar um neikvæðar afleiðingar afnáms áfengiseinkasölnunar komu fram hafi andstaðan við frumvarpið aukist.

## Fyrir neytendur

- ÁTVR mun loka verslunum sínum verði einkaleyfi ÁTVR afnumið, enda samræmist það almennt ekki lögum og reglum að ríkið standi í samkeppni við einkaaðila. Þó er líklegt að Vínbúðir ÁTVR yrðu reknar áfram á aðlögunartímabili.
- Hætt er við að sú umfangsmikla sérþekking sem byggð hefur verið upp hjá starfsfólki ÁTVR verði vannýtt og glatast.
- Útsölustöðum mun fjölga verulega og aðgengi að áfengi þannig aukast. Þá er líklegt að opnunartími muni lengjast.
- Allar líkur eru á að vöruframboð muni almennt minnka ef ríkiseinkasalan verður lögð niður, einkum á landsbyggðinni. Í dag eiga allir framleiðendur, stórir sem smáir, jafnan og greiðan aðgang að hillum Vínbúðarinnar. Reynslan erlendis frá, m.a. frá Bretlandi og Washington-fylki í Bandaríkjunum, sýnir að stóru verslunarkerðjurnar sjá hag sinn mestan í því að semja við fáa og stóra framleiðendur og þeir smærri koma ekki vörum sínum að.

- Í Bretlandi hefur reyndin verið sú að stóru matvöru-keðjurnar leggja einkum áherslu á magnsölu ódýrustu tegundanna.
- Varla verður sama smásöluverð á áfengi á landinu öllu vegna flutningskostnaðar til landsbyggðarinnar og annars óhagræðis.
- Líklegt er að verð á áfengi muni hækka og þá mest á landsbyggðinni. Til hliðsjónar má nefna að smásöluálagning á tóbak hefur u.þ.b. tvöfaldast frá því hún var gefin frjáls og er nú um 30%, samanborið við 18% álagningu á bjór og léttvín og 12% á sterkt áfengi. Álagning ÁTVR á áfengi er ákveðin samkvæmt lögum frá Alþingi.

#### Fyrir lýðheilsu og samfélag

- Fjöldi alþjóðlegra rannsókna benda til þess að afnám einkaleyfis til smásölu áfengis leiði til aukinnar heildar-neyslu og skaðleg áhrif áfengis aukist samsvarandi með tilheyrandi tjóni fyrir einstaklinga og samfélag. Líkleg aukning á neyslu ungs fólks er sérstakt áhyggjuefni. Viða í Evrópu er áfengisneysla unglinga komin úr böndunum. Í Bretlandi er nú leitað allra leiða til þess að draga úr magndrykkju ungs fólks, en þar voru t.d. 4000 unglingar undir 18 ára lagðir inn á bráðadeildir spítala á árunum 2012-2013 vegna áfengiseitrunar, þar af voru yfir 50 börn undir 11 ára aldri. Þá er áfengisneysla ungs fólks hratt vaxandi vandamál bæði á Spáni og í Frakklandi, svo dæmi séu tekin.
- Af aukinni neyslu leiðir aukinn kostnaður samfélagsins. Nýlega voru gerðar opinberar gríðarlega háar fjárhæðir sem skattborgarar í Danmörku þurfa að greiða vegna misnotkunar á áfengi í Danmörku.
- Eftirlit með því að reglum um lágmarksaldur áfengiskaupenda sé framfylgt, ölvuðum sé ekki selt áfengi og ekki sé keypt áfengi fyrir þá sem ekki hafa til þess aldur verður mun örðugra en nú er. Eins bætist við eftirlit með aldri þeirra starfsmanna sem selja vöruna. Til dæmis hefur það margsinnis sýnt sig að fjöldi sölustaða tóbaks fylgir hvorki lögum um aldursmörk til tóbakskaupa né um aldur afgreiðslufólks.
- Líklegt er að markaðsvarnir hverfi ef verslunin er lögð niður. ÁTVR er mikilvæg vörn gegn markaðsprýstingi áfengisíðnaðarins og takmarkar óæskilegar vörur, sem fer því miður fjölgandi.
- Smygl, brugg og svikin vara munu eiga greiðari aðgang að markaðinum. Það sýnir reynsla annarra þjóða. Slíkar vörur geta verið hættulegar heilsu manna eins og dæmin sanna. Áfengi er ódýrt í framleiðslu en ber háa skatta sem skapar kjöraðstæður fyrir skipulagða glæpastarfsemi. ÁTVR tryggir að söluvörur fyrirtækisins séu löglegar og að þær séu framleiddar við bestu mögulegar aðstæður.
- Búast má við auknum áfengisþjófnaði úr verslunum. Þegar ríkisverslanir í Washington-fylki í Bandaríkjunum voru einkavæddar og salan færð inn í stórmarkaði kom það mörgum á óvart að þjófnaður á áfengi jókst verulega.
- Samantekt og útgáfu á tölulegum upplýsingum um

- áfengissölu þyrfti að fela öðrum nái frumvarpið fram að ganga.
- Fjöldi starfsmanna hjá ÁTVR missir vinnuna. Þeim starfsmönnum sem vinna um 175 ársverk í Vínbúðunum, þar af ríflega 70 ársverk á landsbyggðinni, þyrfti öllum að segja upp verði frumvarpið að lögum. Vegna hás hlutfalls starfsfólks í hlutastarfi myndu uppsagnirnar ná til umtalsvert fleiri einstaklinga en ársverkin telja. Afganginn, eða um 94 ársverk, vinnur starfsfólk á skrifstofu og í dreifingarmiðstöð. Ætla má að verulegan hluta þeirra starfa þyrfti einnig að leggja niður. Það fer þó eftir því hversu umfangsmiklu hlutverki ÁTVR er ætlað að gegna verði fyrirbyggjandi frumvarp að lögum.

#### Sjálfbærni

ÁTVR styður við „Global Compact“ sáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinnur með systurfyrirtækjum sínum á Norður-löndum við að innleiða hugsun sjálfbærni og samfélags-ábyrgðar inn í framtíðarstefnumótun fyrirtækjanna. Sáttmálinn byggir á grundvallarviðmiðunum á sviði mannréttinda, vinnuaðstæðna, umhverfismála og baráttu gegn spillingu.

#### Áskoranir í rekstri

Framtíð ÁTVR er í höndum Alþingis. Mikilvægasta áskor-unin er að tryggja áframhaldandi rekstur ÁTVR. Í því sam-bandi er mikilvægt að koma upplýsingum um rekstur og starfsemi ÁTVR til alþingismanna þannig að þeir byggji ákvörðun sína um framtíð ÁTVR á áreiðanlegum og réttum upplýsingum. Mikilvægt er að tryggja framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinini. Án ánægðra viðskiptavina má búast við að fljótt fari að halla undan fæti hjá versluninni. ÁTVR fékk gullmerki PWC í jafnlaunaúttekt í fyrsta skiptið sem fyrirtækið fór í slíka úttekt. Jafnrétti er okkur mikilvægt og því er mikilvægt að halda áfram á sömu braut og tryggja að jafnrétti til launa haldist áfram hjá ÁTVR.

#### Þakkir til starfsfólks

Ég vil að lokum þakka starfsfólki ÁTVR fyrir samstarfið á árinu. Það er erfitt að búa við óöryggi þegar lífs-afkomunni er ógnað. Það lýsir ótrúlegum gæðum starfs-fólksins hjá ÁTVR að vera með ánægðustu viðskiptavinina á Íslandi annað árið í röð þrátt fyrir að eiga það á hættu að störf þess séu lögð niður. Árangrinum er varla hægt að lýsa í orðum. Ég er afskaplega stoltur og þakklátur fyrir að fá að leiða slíkan úrvalshóp af fólki og á þá ósk heitasta að verslunin fái að halda áfram að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu um ókomin ár.

Ívar J. Arndal



# HEILDARSTEFNA

## LEIÐARLJÓS

Að stuðla að bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð með því að framfylgja stefnu stjórnvalda í áfengis- og tóbaksmálum

## STEFNA

Að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð

## ÁHERSLUR

<p><b>VIÐSKIPTAVINIR</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>Við setjum viðskiptavininn í öndvegi og tökum mið af væntingum hans</li> <li>Þjónusta okkar einkennist af lipurð, fagmennsku og hlutleysi</li> <li>Við leggjum áherslu á fræðslu til viðskiptavina</li></ul>	<p><b>HAGKVÆMNI</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>Við förum vel með verðmæti og notum auðlindir af ábyrgð</li> <li>Við leitum stöðugt nýrra leiða til þess að bæta rekstur okkar</li></ul>
<p><b>VÖRUVAL</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>Við stuðlum að bættri áfengismenningu með ábyrgu vöruvali</li> <li>Við viljum að vöruval okkar sé áhugavert og byggj á fjölbreytileika og gæðum</li> <li>Við gætum hlutleysis við val og dreifingu á vöru</li> <li>Við leitumst við að bjóða eingöngu vörur sem framleiddar eru samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum</li></ul>	<p><b>MANNAUÐUR</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>Við viljum að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð</li> <li>Við viljum að starfsfólk njóti virðingar og gerum því kleift að sinna starfi sínu á sem bestan hátt</li> <li>Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að auka þekkingu sína og hæfni</li></ul>
<p><b>SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>Við störfum með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinnum gegn skaðlegri notkun áfengis og tóbaks</li> <li>Við viljum tryggja að aldursmörk til áfengiskaupa séu virt</li> <li>Við viljum vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks með því að hindra framboð á óæskilegum vörum</li> <li>Við berum virðingu fyrir umhverfinu og leitum leiða til að lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi okkar</li></ul>	



# FRAMKVÆMDARÁÐ




Ívar J. Arndal  
Forstjóri



Sigrún Ósk Sigurðardóttir  
Aðstoðarforstjóri



Sveinn Víkingur Árnason  
Framkvæmdastjóri



## SKIPULAG OG STJÓRNUN

Skipuritið sýnir starfsemi fyrirtækisins á myndrænan hátt. Meginsviðin eru tvö, vörudreifing og heildsala tóbaks og sölu- og þjónustusvið. Stoðsviðin eru fjögur: fjárhagssvið, mannauðssvið, rekstrarsvið og vörusvið.

Framkvæmdastjórar voru tveir í árslok, Sveinn Víkingur Árnason sem ber ábyrgð á vörudreifingu og heildsölu tóbaks ásamt rekstrarsviði og Sigrún Ósk Sigurðardóttir sem ber ábyrgð á fjárhags- og mannauðssviði auk vörusviðs, ásamt því að vera staðgengill forstjóra. Sigrún Ósk og Sveinn Víkingur bera sameiginlega ábyrgð á sölu- og þjónustusviði eftir að Einar Snorri Einarsson sem var framkvæmdastjóri sviðsins hætti í nóvember.

Yfirstjórn, þ.e. forstjóri og framkvæmdastjórar, funda að jafnaði vikulega og yfirfara stöðu verkefna og taka

ákvarðanir tengdar rekstri. Reglulegir fundir eru haldnir með stjórnendum í höfuðstöðvum, verslunarstjórum stærri Vínbúða, starfsfólki á skrifstofu, í dreifingarmiðstöð og stærri Vínbúðum. Tíðni fundanna er mismunandi en markmiðið með þeim er að veita starfsfólki upplýsingar um rekstur og aðra þætti tengda starfseminni.

Þverfaglegir verkefna- og umbótahópar eru hluti af skipulaginu. Hóparnir vinna að fyrirfram skilgreindum verkefnum og starfa til lengri eða skemmri tíma. Á árinu störfuðu fjórir verkefnahópar og tveir umbótahópar með þátttöku 26 starfsmanna frá mismunandi starfsstöðvum.




## SKÝRSLA Í SAMRÆMI VIÐ GRI

Þessi ársskýrsla gildir fyrir almanaksárið 2014 og nær yfir alla starfsemi ÁTVR sem er eingöngu á Íslandi.

Við gerð ársskýrslu ÁTVR er fylgt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI), G4, þar sem markmiðið er að miðla upplýsingum tengdum samfélagslegri ábyrgð á gagnsæjan hátt. Greint er frá 36 mælikvörðum í sex flokkum. Aðferðum við mælingar og útreikninga er lýst, ef við á, í tengslum við viðkomandi mælikvarða.

ÁTVR er aðili að UN Global Compact og er ársskýrslunni skilað sem árlegri framvinduskýrslu (e. Communication on Progress) til skrifstofu UN Global Compact í samræmi við samkomulag þar að lútandi.



## HAGSMUNAAÐILAR

Stefna ÁTVR er að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð.

Við mat á samfélagslegri ábyrgð er mikilvægt að skilgreina hlutverk hagsmunaaðila fyrirtækisins en þeir skiptast í fimm flokka: Samfélagið, viðskiptavinir, mannauður, birgjar og eigandinn (ríkið). Í eftirfarandi köflum er fjallað ítarlega um áherslur fyrirtækisins gagnvart hverjum og einum hagsmunaaðila en allar miða þær að því að fylgja framangreindri stefnu.

# MARKMIÐ OG ÁRANGUR

Mælanleg markmið eru sett fyrir flesta þætti í rekstri fyrirtækisins. Mánaðarlega er fylgst með stöðu mælikvarða og frammistaðan birt á innri vef. Vínbúðir fá niðurstöður fyrir sína starfsstöð en einnig samanburð við aðrar Vínbúðir í

sama stærðarflokki. Í árslok 2011 var unnin áætlun til þriggja ára fyrir tímabilið 2012-2014. Á grundvelli þeirrar áætlunar er unnin ársáætlun sem byggir á stefnu fyrirtækisins og lykilmarkmiðum langtímaáætlunarinnar.

# SJÁLFBÆRNISTJÓRNUN

## MARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR

Í töflunni má sjá helstu markmið og mælikvarða. Mælikvarðarnir eru flokkaðir eftir hagsmunaaðilum með tilvísun í viðmið GRI og Global Compact þar sem það á við.

# LYKILMARKMIÐ 2012–2014

- Að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja á Íslandi
- 90% árangur hulduheimsóknar vegna skilríkjaeftirlits
- Virk umhverfisstjórnun
- Að vera í hópi 30 bestu fyrirtækja landsins í kjarna-spurningu starfsánægjukönnunar Capacent Gallup
- Að árleg arðsemi verði í samræmi við fjárlög án þess að stuðla að aukinni sölu
- Að þjónustueinkunn birgja í birgjakönnun verði 4,2 af 5



Vínbúðirnar fengu hæstu einkunn allra fyrirtækja í Íslensku ánægjuvuginni annað árið í röð.

HAGSMUNAAÐILI	STEFNUMÖRKUN	SJÁLFBÆRNISVIÐ	2014 Niðurstaða	2014 Markmið	2015 Markmið	Viðmið GRI	Global Compact	
 SAMFÉLAGIÐ	Framfylgja stefnu stjórnvalda í áfengis- og tóbaksmálum og tryggja að aldursmörk til áfengiskaupa séu virt. Leitum leiða til að lágmarka umhverfisáhrif af starfseminni.	Ánægja með fyrirkomulag áfengissölu	Capacent Gallup – könnun	52,4	<div><div></div></div> 51	51	G4-S01	P1
		Ungt fólk spurt um skilríki	Hulduheimsóknir %	85	<div><div></div></div> 87	88	G4-S010	
		Endurvinnsluhlutfall %		91	<div><div></div></div> 90	90	G4-EN23	P8
		Loftslag – flutningur áfengis/tóbaks	CO <sub>2</sub> tonn	197	<div><div></div></div> 197	209	G4-EN15	P7, P8
 VIÐSKIPTAVINIR	Vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins með því að veita þjónustu sem einkennist af lipurð, fagmennsku og hlutleysi.	Ánægja viðskiptavina	Íslenska ánægjuvugin <sup>1</sup>	74,8	<div><div></div></div> 73	74	G4-PR5	
		Ímynd	Íslenska ánægjuvugin <sup>1</sup>	73,8	<div><div></div></div> 71	72	G4-PR1, G4-PR5	
		Viðmót starfsfólks	Þjónustukönnun <sup>2</sup>	4,6	<div><div></div></div> 4,6	4,6	G4-PR5	
			Þjónustustig kjarnavöru %	98,7	<div><div></div></div> 96	96	G4-PR5	
 MANNAUÐUR	Vinnustaðurinn sé lífandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af gildunum lipurð, þekking og ábyrgð. Starfsfólk njóti virðingar og fái tækifæri til að auka þekkingu sína og hæfni.	Ánægja í starfi	Vinnustaðagreining <sup>2</sup>	4,36	<div><div></div></div> 4,35	4,35	G4-10, G4-HR4	P3, P6
		Starfsfólk vinnur sem ein heild	Vinnustaðagreining <sup>2</sup>	4,24	<div><div></div></div> 4,16	4,16	G4-10	P6
			Fjarvistir v/veikinda sem hlutfall af unnum klst. %	2,2	<div><div></div></div> 2,5	2,5	G4-LA6	
		Tækifæri til að læra og þróast í starfi	Vinnustaðagreining <sup>2</sup>	3,96	<div><div></div></div> 4,1	4,1	G4-LA9	P6
 BIRGJAR	Gæta hlutleysis við val og dreifingu á vöru og leitast við að bjóða vörur sem framleiddar eru samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum um sanngjarna framleiðslu.	Heildaránægja birgja	Birgjakönnun <sup>2</sup>	3,9	<div><div></div></div> 4,2	4,2	G4-EC9, G4-HR5, G4-HR6	P4, P5
		Hlutleysi gagnvart birgjum tryggt með reglugerð um vöruval	Birgjakönnun <sup>2</sup>	3,4	<div><div></div></div> 3,7	3,7	G4-S03	P10
			Lífrænt ræktað áfengi og sanngjörn framleiðsla, % sala	0,5	<div><div></div></div> 0,5	0,6	G4-EN27	P7, P8, P9
 EIGENDUR	Fara vel með verðmæti og nota auðlindir af ábyrgð.	Arðsemi eiginfjár		28	<div><div></div></div> 21,9	26,7	G4-EC1	
		Afköst í Vínbúðum, lítrar á unna klst.		68,9	<div><div></div></div> 56,5	56,5	G4-10	P6
		Óskýrð rýrnun sem hlutfall af sölu %		0,03	<div><div></div></div> 0,06	0,06	G4-S03	P10

1) Mælt á kvarðanum 0–100    2) Mælt á kvarðanum 1–5  
● Markmiði hefur verið náð    ● Á góðri leið að ná markmiði    ● Markmiði ekki náð





Hönnuð voru ný matartákn á árinu 2014 sem auðvelda leitina á vinbudin.is að rétta víninu með matnum. Reglulega eru gefnir út uppskriftabæklingar þar sem finna má tillögur að víni sem passar með réttunum. Í Vínblaðinu má lesa alls konar fróðleik um vín og ýmislegt sem því tengist.







# VIÐSKIPTAVINIR

Til þess að ná því markmiði að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins er lagt kapp á að veita viðskiptavinum frábæra þjónustu með fjölbreyttu og góðu vöruvali og fróðleik um vörur Vínbúðanna auk þess sem rík áhersla er lögð á þjónustulund og framkomu starfsfólks. Reglulegar viðhorfskannanir gefa góðar vísbendingar um hvort markmiðið hafi náðst.

## Ánægja viðskiptavina

Vínbúðin hlaut hæstu einkunn allra fyrirtækja í Íslensku ánægjuvuginni annað árið í röð, 74,8 stig af 100 mögulegum sem er hæsta einkunn sem viðskiptavinir hafa gefið Vínbúðunum. Samtök iðnaðarins, Stjórnvísir og Capacent Gallup standa sameiginlega að könnuninni. Ánægjuvugin er mikilvægur mælikvarði til að kanna hvort fyrirtækið nái því markmiði að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins.

Árlega eru einnig gerðar þjónustukannanir fyrir hverja Vínbúð þar sem viðskiptavinir gefa þjónustunni og viðmóti starfsfólks einkunn. Auk þess er gerð ein viðhorfskönnun þar sem spurt er um almenna þætti auk þjónustunnar s.s. vöruval, opnunartíma og þekkingu starfsfólks. Niðurstöðurnar eru rýndar og nýttar til umbóta.

**Niðurstöður þjónustukannana sýna að viðskiptavinir eru almennt mjög ánægðir með þjónustuna í Vínbúðunum.**

Í heildina eru viðskiptavinir mjög ánægðir með þjónustuna en almennt er meiri ánægja með þjónustu minni Vínbúða, sem allar eru staðsettar á landsbyggðinni.

Á árinu komu tæplega 4,4 milljónir viðskiptavina í Vínbúðirnar. Flestir koma í lok vikunnar, en um 28 þúsund viðskiptavinir mæta að meðaltali á hefðbundnum föstudegi. Á stærstu dögum ársins voru þó um og yfir 40.000 viðskiptavinir sem fengu þjónustu í Vínbúðum.


## Ánægja með þjónustu Vínbúðanna

	2012	2013	2014
Stærri Vínbúðir	4,15	4,24	4,26
Minni Vínbúðir	4,40	4,38	4,39

\* Mæling Capacent Gallup á ánægju. Kvarðinn er 1–5 þar sem 1 er lægst og 5 hæst.

## Mesti fjöldi viðskiptavina

– flokkað eftir dögum ásamt samanburði við hefðbundinn föstudegi



## Vöruval

Reglugerð um vöruval og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja (nr. 755/2011) ræður vali á vöru. Hins vegar ræðst vöruúrval Vínbúðanna að mestu af eftirspurn viðskiptavina. Kjarni er meginsöluflokkurinn og myndar grunn að vöruvali hvernar Vínbúðar. Vöruval í kjarna er endurmetið þrisvar sinnum á ári. Reynsluflokkur er ætlaður nýjum vörum. Ef reynsluvara nær tilteknum viðmiðum í sölu færir hún í kjarna og er um leið fánleg í fleiri Vínbúðum. Á árinu bættist fjórða Vínbúðin, Álfrún í Hafnarfirði, í flokk Vínbúða sem bjóða reynsluvörur. Þar voru fyrir Heiðrún og Vínbúðirnar Kringlunni og Skútuvogi.

**Vöruúrval Vínbúðanna ræðst að mestu af eftirspurn viðskiptavina.**


Sérflokkur er ætlaður að mæta óskum viðskiptavina og styðja við stefnu fyrirtækisins að bjóða vöruval sem byggir á fjölbreytni og gæðum og þar með tryggja skilgreint „lág-

marks vöruval“ í hverjum Vínbúðarflokki. Vöruvalið í reynslu- og sérflokkum breytist mánaðarlega. Til að mæta staðbundinni eftirspurn viðskiptavina í hverri Vínbúð er til viðbótar skilgreindu vöruvali möguleiki að velja allt að 20 tegundir aukalega úr öllu vörusafninu óháð söluflokki.

## Fræðsla

Markmiðið með útgáfu Vínblaðsins er að auka þekkingu viðskiptavina og hvetja til betri vinnmenningar. Vínblaðið er gefið út fjórum sinnum á ári en auk vöruskrár er þar margvíslegur fróðleikur um mat og vín. Þemadagar hafa verið fastur liður í fræðslu til viðskiptavina. Í mars voru Lífrænir dagar í samræmi við þá stefnu að merkja lífrænt ræktuð vín og „fairtrade“ vörur sérstaklega í hillum Vínbúðanna. Þótt hlutfall þeirra í sölu sé ekki hátt, eða 2,41% af seldum lítum létvins, þá hefur hlutfallið aukist ár frá ári (sjá viðauka bls. 83). Auk Vínblaðsins er gefið út fjölbreytt úrval lítilla bæklinga þar sem áhersla er á fræðslu um afmörkuð efni og tengsl vins og matar.

## Markaðshlutdeild Vínbúðahópa í heildarsölunni



Vínbúðum er skipt í fimm flokka eftir fjölda tegunda í vöruvali. K100 vísar til þess að í þessum Vínbúðum eru aldrei færri en 100 tegundir í kjarnasölu, sem samanstendur af mest seldu vörum í hverjum flokki áfengis t.d. rauðvín, hvítvín o.s.frv.

# 2.034

tegundir í vöruvali  
31. desember




# 4.383

þúsund  
viðskiptavinir

# 2,3%

fjölgun  
viðskiptavina



Vinsældir vefsins vinbudin.is vaxa stöðugt en þar má finna fróðleik og uppskriftir, hagnýtar upplýsingar og vefbúð.



Þúsund heimsóknir



heimsóknir með snjallsíma eða spjaldtölvu


vinbudin.is

Á vef Vínbúðanna eru birtar fréttir úr starfseminni auk þess sem þar er að finna hina opinberu vöruskrá og vefbúð. Á vefnum er einnig að finna fróðleik og uppskriftir auk upplýsinga um staðsetningu og opnunartíma Vínbúða.

Alls var fjöldi heimsókna á árinu um 935 þúsund sem er um 11% aukning á milli ára. Flestir heimsækja síðuna í tengslum við stórhátíðir en rúmlega 33 þúsund viðskiptavinir heimsóttu vefinn dagana 30. og 31. desember.

Hlutfall heimsókna á vinbudin.is með snjallsíma eða spjaldtölvu hefur aukist ár frá ári og var til að mynda 4% árið 2011 en um 40% á þessu ári.

Fjöldi heimsókna á vinbudin.is



Fjölnota pokar

Það er markmið ÁTVR að hjálpa viðskiptavinum að draga úr notkun plastpoka með því að bjóða fjölbreytt úrval af fjölnota pokum á hagstæðu verði. Viðskiptavinir hafa tekið pokunum fagnandi, en á árinu voru seldir rúmlega 31 þúsund pokar sem er tæplega 35% aukning á milli ára.

ÁTVR hvetur viðskiptavini til að draga úr plastpokanotkun með því að bjóða fjölbreytt úrval af fjölnota pokum.

Í Stykkishólmi var farið í átak með sveitarfélaginu, en þar er ekki boðið upp á plastpoka, eingöngu fjölnota poka og maíspoka. Í tilraunaskyni voru maíspokar einnig boðnir til sölu í Hveragerði og á Selfossi. Stefnan er að bjóða maíspoka til sölu í öllum Vínbúðum á næsta ári. Hins vegar kjósa enn 40% viðskiptavina að kaupa plastpoka þegar þeir versla sem þýðir að rúmlega 1,7 milljónir plastpoka eru seldir.

	2013	2014	% breyting
Seldir lítrar	18.653.122	19.216.406	3%
Fjöldi viðskiptavina	4.285.000	4.383.097	2%
Seldir plastpokar	1.838.204	1.761.781	-4%
Bréfpokar gefnir viðskiptavinum	1.919.000	1.632.000	-15%
Fjölnota pokar	23.334	31.457	35%
Hlutfall viðskiptavina sem kaupa plastpoka	43%	40%	



12,8 milljónir króna runnu í Pokasjóð



136 þúsund bréfpokar gefnir viðskiptavinum á mánuði







Vínráðgjafar eru í flestum stærri Vínbúðum. Þeir hafa lokið alþjóðlegri gráðu frá WSET, einum virtasta vínskóla heims. Ásamt því að veita viðskiptavinum afbragðsþjónustu við val á víni skrifa þeir fróðleik um vín og mat í Vínblaðið og á vinbudin.is

Þegar halda skal stóra veislu er kjörið að leita til veisluvínráðgjafanna sem staðsettir eru í Heiðrúnu. Þeir gefa góð ráð um val á víni í veisluna og aðstoða viðskiptavini við að ákvarða hæfilegt magn.





# VÍNBÚÐIR ÁRSINS

15

Vínbúðir í  
flokki stærri  
Vínbúða

Í árlegum viðurkenningum til starfsfólks þeirra Vínbúða sem ná bestum árangri er fólgin hvatning til að halda uppi góðu þjónustustigi og standa sem best að öllu í starfseminni.

Vínbúðunum er skipt í flokka, þ.e. stærri og minni búðir, eftir fjölda tegunda í vörubúðum. Í flokki stærri Vínbúða eru alls 15 búðir, en 34 í flokki minni búða. Öllum Vínbúðum eru sett mælanleg markmið, meðal annars um afköst, þjónustustig, skilríkjaeftirlit, rýrnun og gæðaeftirlit. Mánaðarlega eru niðurstöður mælinga kynntar ásamt samanburði við sambærilegar búðir.

Árlega er starfsfólki þeirra Vínbúða sem ná bestum árangri veitt viðurkenning.

VÍNBÚÐIN  
Reykjanesbæ

Vínbúð ársins í flokki stærri Vínbúða 2014



Vínbúðir ársins  
í flokki minni  
Vínbúða 2014

VÍNBÚÐIN  
Ólafsvík



VÍNBÚÐIN  
Hellu

VÍNBÚÐIN  
Flúðum



34

Vínbúðir í  
flokki minni  
Vínbúða



# MANNAUÐUR

Áhersla er lögð á að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af gildunum lipurð, þekking, ábyrgð. Markmiðið með heilsuefningu, upplýsingagjöf og fræðslu er að veita starfsfólki stuðning og hvatningu og auka starfsánægju.



## Starfsánægja

Árlega framkvæmir Capacent Gallup vinnustaðagreiningu. Markmiðið með könnuninni er að fá fram skoðanir starfsfólks og nýta niðurstöðurnar til markvissra umbóta.

Mikil áhersla er lögð á starfsánægju og hefur hún aldrei mælst meiri en á árinu 2014.

## Helgun starfsfólks (starfsánægja), kvarðinn 1-5



Helgun er mæld með þrettán spurningum (12 kjarnaspurningum, auk heildaránægju). Spurningarnar byggja á áralöngum rannsóknnum Gallup og snúa að upplifun starfsfólks á vinnustaðnum m.a. hvort það fái stuðning og hvatningu, sé gert kleift að ná árangri, það metið að verðleikum og fái hrós og endurgjöf. Heildarmeðaltalið hækkaði á milli ára og er það hæsta á þeim sex árum sem könnunin hefur verið framkvæmd með sambærilegum hætti.



ÁTVR er með jafnlaunavottun frá 2013, en markmiðið er að fylgja henni eftir annað hvert ár. Stefnt er að næstu vottun árið 2015.

ÁTVR hefur einnig verið þátttakandi í könnun SFR um stofnun ársins. Niðurstöðurnar voru einkar ánægjulegar og hækkaði fyrirtækið á milli ára í flestum þáttum sem mældir eru.

Í könnun SFR um stofnun ársins náði ÁTVR níunda sæti af 79 stofnunum sem hafa fleiri en 50 starfsmenn.

Eitt af mikilvægum verkefnum á undanförunum árum á sviði mannauðsmála er innleiðing og eftirfylgni frammistöðusamtala sem nú hafa verið innleidd í allt fyrirtækið.



LIPURÐ



ÞEKKING



ÁBYRGÐ

## Lifandi, skemmtilegur og heilsueflandi vinnustaður

Starfsfólk er hvatt til heilsuefningar og á árinu var það gert með margvíslegum hætti. Boðið var upp á líkamsræktarstyrki og samgöngusamninga fyrir þá sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti. Til að hvetja fólk til að nýta sér samgöngusamninga til heilsuefningar er lögð áhersla á að setja upp sturtuadstöðu í Vínubúðum fyrir starfsfólk þar sem því verður við komið t.d. í tengslum við endurbætur á Vínubúðum.

63% starfsfólks var mjög ánægt eða ánægt með samgöngusamninginn.

Febrúar er skilgreindur sem heilsu-mánuður og þá er boðið upp á fyrirlestra og fróðleik um heilbrigðan lífsstíl. Í lok febrúar er starfsfólk boðið að fara í heilsufarsmælingu en þar eru m.a. mældir þættir eins og blóðþrýstingur, blóðsykur, fituprósentu og

Febrúar er heilsu-mánuður með fyrirlestrum og fróðleik um heilbrigðan lífsstíl.

BMI-stuðull. Alls tóku 160 starfsmenn þátt í mælingunni á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni auk Akureyrar (sjá bls. 85 í viðauka). Á minni starfsstöðvum er starfsfólk boðið að leita til næstu heilsugæslustöðvar til að fá sambærilega heilsufarsmælingu.

Reglulegir starfsmannafundir, innri vefur og fréttabréf færa starfsfólki upplýsingar til að það geti veitt góða þjónustu.

## Upplýsingagjöf

Til að starfsfólk geti sinnt starfi sínu og veitt góða þjónustu er mikilvægt að það fái nægar upplýsingar. Auk reglulegra starfsmannafunda m.a. á öllum stærri starfsstöðvum má nálgast upplýsingar, fréttir og fróðleik á innri vef, Ásgarði. Fréttabréf starfsfólks, Flöskuskeytið, var gefið út í fjórum tölublöðum á árinu. Blaðið er sent heim til starfsfólks en það er m.a. gert til að gefa fjölskyldunni inn-sýn í daglegt starfsumhverfi starfsmanna. Í blaðinu er birt fjölbreytt efni, bæði fréttir og fróðleikur, en myndir úr félagslífinu eru líklega vinsælasta efnið.

Starfsfólk tekur þátt í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna.



145

starfsmenn með samgöngusamning yfir sumartímann

Einn mælikvarði á heilsufar starfsfólks er veikindahlutfall. Veikindahlutfall hefur lækkað verulega á undanförnum árum, var 3,8% árið 2009 en 2,2% á þessu ári.



Slysaskráning og fjarvistir vegna veikinda

10 vinnuslys voru skráð á árinu og er það mikil aukning frá síðustu árum. Á innri vef var settur teljari sem segir frá slysalausum dögum. Markmiðið er að efla árvekni starfsmanna, hvetja þá til að koma með ábendingar um hættur og bera umhyggju fyrir samstarfsfólki. Langtímamarkmiðið er slysalaus vinnustaður.

Fjarvistir vegna veikinda, sem hlutfall af unnum vinnustundum, voru 2,2%.

Fjarvistir vegna veikinda og veikinda barna sem hlutfall af unnum vinnustundum

	Konur	Karlar	Heild 2014
Vínbúðir	2,2%	2,5%	2,3%
Dreifingarmiðstöð	5,6%	2,7%	3,2%
Skrifstofa	1,9%	1,3%	1,6%
ÁTVR í heild	2,2%	2,3%	2,2%

Starfsmannafjöldi og ársverk

Í árslok voru samtals 209 fastráðnir starfsmenn hjá ÁTVR, 111 konur og 98 karlar. Í desember störfuðu alls 427 hjá fyrirtækinu, bæði fastráðnir og tímavinnufólk, þar af voru 256 konur og 171 karl. Tímavinnufólk er starfsfólk sem vinnur á álagstímum, seinni hluta vikunnar, í sumar-afleysingum og um jól. Af þeim sem voru í vinnu í desember voru 33% í fullu starfi, 16% í hlutastarfi og 51% í tímavinnu.

Þegar horft er til starfsmannaveltu þá var hún 20% hjá fyrirtækinu í heild. Mesta starfsmannaveltan er hjá starfsfólki í tímavinnu, eða 30% en minnst hjá starfsfólki í fullu starfi, 7%. Sundurliðun starfsmannaveltu eftir ráðningarformi, aldri og kyni má sjá í viðauka, GA-LA1, bls. 85.

Starfsmannaveltan hjá starfsfólki í tímavinnu er 30% en 7% hjá starfsfólki í fullu starfi.

Heildarfjöldi starfsmanna sem fengu greidd laun á árinu var 684. Umreiknað í ársverk voru þau 282 í samanburði við 270 árið áður. Í heildina hefur ársverkum því fjölgað um 4,6% á milli ára.

Námskeið og starfsþróun

Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk hugi að þekkingu sinni og er öll fræðsla innan vébanda Vínskóla Vínbúðanna.

### NÁMSKEIÐ

#### VÍNFRÆÐI I

Skyldunámskeið

Fyrir fastráðna innan sex mánaða eftir að þeir hefja störf.

Fyrir tímavinnufólk innan 12 mánaða.

#### VÍNFRÆÐI II

Ekki skylda en opið þeim sem hafa lokið Vínfræði I. Markmið að fastráðið starfsfólk í stærri Vínbúðum sækji námskeiðið.

#### VÍNFRÆÐI III WSET VÍNFRÆÐINGAR

Fyrir starfsfólk sem hefur lokið Vínfræði I og II með tilskilinni einkunn og hafa áhuga á að starfa sem vínfræðingar í Vínbúðum. Kennit í samstarfi við einn virtasta vínskóla heims, WSET.

#### FRÆÐSLUSKOT

Stutt námskeið um afmarkað viðfangsefni, jafnan haldin 5-6 námskeið árlega.

Opið öllu starfsfólki.

#### NÝLIÐANÁMSKEIÐ

Haldið tvisvar á ári fyrir nýtt starfsfólk.

#### ÖRYGGISNÁMSKEIÐ

Eru að jafnaði haldin árlega í öllum Vínbúðum.

#### HEIMSÓKNIR VÍNFRÆÐINGA

Vínfræðingar heimsækja og fræða starfsfólk Vínbúðanna.

#### ÞEMAKYNNINGAR

Kynningar í tengslum við þemadaga þar sem áherslan er á að tengja saman vín og mat.

Samanlagt voru námskeiðsstundir rúmlega 4.700 sem samsvarar rúmum tveim dögum í námskeiðahald á hvert stöðugildi.



Vínbúðin er stolt af því að vera leiðandi fyrirtæki í umhverfisábyrgð og leggur áherslu á að bjóða gott úrval af fjölnota innkaupapokum.


**31.457**  
umhverfisvænir pokar  
seldir á árinu

Á árinu bættist við þriðja gerðin af fjölnota pokum, auk þess sem Vínbúðin Stykkishólmi tók forystu og hætti alfarið sölu plastpoka. Máispokum var bætt við sem valkosti í nokkrum búðum en þeir eyðast fyrr í náttúrunni en plastið.





## INNLEIÐING SAMFÉLAGSLEGRAR ÁBYRGÐAR HJÁ ÁTVR





# SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

ÁTVR er ábyrgt fyrirtæki sem stuðlar að ábyrgri áfengisneyslu og umgengni við áfengi með beinu forvarnarstarfi og samstarfi við forvarnaraðila. Með þátttöku í Global Compact og norrænu samstarfi er leitast við að vörur fyrirtækisins séu framleiddar samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og siðareglum.

### Global Compact

Með þátttöku í Global Compact vill ÁTVR stuðla að því að þær vörur sem boðnar eru til sölu séu í samræmi við sáttmálann sem kveður á um afnám barnaþrælkunar, virðingu mannréttinda, aðbúnað á vinnustað, umhverfismál og varnir gegn spillingu.

Þannig skuldbindur ÁTVR sig til að fylgja reglunum og að stefna, starfshættir og vörukaupaferli fyrirtækisins taki mið af þeim. Árlega gerir ÁTVR grein fyrir árangri og/eða verkefnum sem styrkja viðmiðin 10 á bls. 90, eins og fyrirtækjum er ætlað að gera.

### Fyrirkomulag einkasölu áfengis á Íslandi

Á árinu hefur verið mikil umræða í samfélaginu um fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi. Lagt var fyrir Alþingi frumvarp sem gerir ráð fyrir að Vínbúðirnar verði lagðar niður og leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum. Í könnun sem Capacent Gallup framkvæmdi

### Stuðningur landsmanna við núverandi fyrirkomulag áfengissölu hefur aukist frá síðasta ári.


voru landsmenn spurðir um ánægju með núverandi fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi og var niðurstaðan sú að stuðningur við fyrirkomulagið er að aukast á milli mælinga. Meirihluti þeirra sem tóku afstöðu styður núverandi fyrirkomulag eða 52,4%, á meðan

26,7% eru hlutlausir og 21% eru óánægðir með einkasölufyrirkomulagið. Konur eru almennt ánægðari með fyrirkomulagið en karlar, óháð landshlutum. Stuðningur hefur aukist í öllum aldursflokkum, en er mestur hjá þeim sem eru 50 ára og eldri. Ekki náðist að ljúka umræðu um frumvarpið á árinu.

### Skilríkjaeftirlit (hulduheimsóknir)

Ein meginskylda fyrirtækisins er að tryggja að viðskiptavinir hafi náð 20 ára aldri. Á undanförunum árum hefur mikil áhersla verið á skilríkjaeftirlit. Til að efla þjálfun og fræðslu eru framkvæmdar hulduheimsóknir af utan-aðkomandi aðilum í öllum stærri Vínbúðum þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Að meðaltali eru þrjár heimsóknir í mánuði í hverja Vínbúð þar sem kannað er hvort ungt fólk á aldrinum 20–25 ára er spurt um skilríki þegar það verslar.

### Hulduheimsóknir



### Herferðir

Á undanförunum árum hafa verið birtar auglýsingar til að leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð þar með talið skilríkjaeftirlit. Auglýsingarnar eru flestar í léttum dúr, þótt undirtónninn sé alvarlegur. Í ár var ný auglýsingaherferð um skilríki framleidd og birt þar sem yfirskriftin er: „Komdu með skilríki ekki afsakanir“. Auglýsingin var tilnefnd til auglýsingaverðlaunanna Lúðursins sem

### Ný auglýsingaherferð um skilríkjaeftirlit „Komdu með skilríki ekki afsakanir“ vakti mikla athygli.

athyglisverðasta auglýsing ársins 2014 í flokki prentauglýsinga. Í samstarfi við Samgöngustofu var á árinu birt sjónvarpsauglýsing þar sem skila-boðin eru skýr, áfengi og akstur eiga enga samleið.

Um árabíl hefur ÁTVR styrkt og starfað með aðilum sem sinna ýmsum mannúðar- og forvarnarmálum. Megináherslan er þó lögð á að styrkja þá sem starfa að forvörnum á sviði vímu-efna.

### Umhverfið

Í samræmi við stefnu var unnið að fjölmörgum verkefnum sem tengjast umhverfismálum. Áfram var unnið að þróun og innleiðingu á grænu skortorti auk verkefna sem snúa að vistvænum innkaupum og grænu bókhaldi. Átak var gert á árinu til að tryggja að eingöngu væru notuð vistvæn hreinsiefni á öllum starfsstöðvum.

Vel gengur að endurvinna úrgang og var endurvinnsluhlutfall 91%. Pappi og plast eru fyrirferðarmiklir flokkar og stöðugt er unnið að því að minnka magn af óflokkuðum úrgangi. Þar sem því verður við komið er viðskiptavinum gert kleift að nálgast pappakassa til að endurnýta. Á árinu var innleidd lífræn flokkun á Stuðlahálsi þar með talið í mötuneyti.

### Á árinu tókst að minnka magn óflokkaðs úrgangs um 19% og markmið ársins um 90% endurvinnsluhlutfall náðist með samstilltu átaki.

### Meðhöndlun úrgangs

ENDURUNNIÐ (tonn)	2013	2014	%
Bylgjupappi	160,0	171,0	7,0
Plastumbúðir	18,3	23,9	30,5
Gæðapappír	3,2	3,2	0,0
Grófur úrgangur	26,6	6,8	-74,4
Önnur flokkun		2,1	
Lífrænt til moltugerðar		2,6	
<b>Samtals endurrunnið</b>	<b>208,1</b>	<b>209,8</b>	<b>0,8</b>
<b>URÐAÐ</b>			
Blandaður úrgangur	18,2	18,2	0,0
Grófur úrgangur	8,4	3,4	-59,5
Samtals urðað	26,6	21,6	-18,8
<b>Samtals úrgangur</b>	<b>234,7</b>	<b>231,4</b>	<b>-1,4</b>
Endurvinnsluhlutfall %	89	91	



skil á gleri



skil á plasti



skil á áldósum

Skil umbúða til endurvinnslu

Priðjungur allra einnota drykkjarvöruumbúða sem Endurvinnslan tekur á móti kemur frá Vínbúðunum.

Skil á drykkjarvöruumbúðum drógust lítillega saman milli ára, en alls var hlutfallið 88% af seldum umbúðum. Á árinu nam heildarsala drykkjarvöruumbúða 126 milljónum eininga þar af voru 40,6 milljónir seldar í Vínbúðunum. Gera má ráð fyrir að skil á umbúðum frá Vínbúðunum fylgi almennum skilum og því hafi verið skilað til Endurvinnslunnar um 35,3 milljón einingum eða 87% af þeim 40,6 milljónum sem seldar eru í Vínbúðunum.

Greiddar eru 15 krónur í skilagjald fyrir hverja dós eða flösku og því voru greiddar fyrir umbúðirnar um 1.650 milljónir hjá Endurvinnslunni.

Skil á áldósum eru best 89% og drógust saman á milli ára, það sama gildir um drykkjargler en þar er hlutfallið nú 85%. Skil á plasti (PET) jukust lítillega.

Skilahlutfall umbúða hér á landi er mun hærra en að meðaltali í Evrópuríkjunum og Bandaríkjunum.

Hlutfall vöruflokka og umbúða sem endurheimtast

	2013	2014
Sala milljón einingar	116	126
Skil milljón einingar	104	110
Skilahlutfall %	90	88
Skil eftir tegundum í %		
	2013	2014
Ál	94	89
Plast	87	88
Gler	86	85

Norrænt samstarf á sviði samfélagslegrar ábyrgðar

Viðskiptavinir og í raun samfélagið allt gera í auknum mæli kröfur til fyrirtækja um að þau tryggi að vörur sem þau selja séu framleiddar með siðrænum hætti. Í lögum (86/2011) um ÁTVR er kveðið á um að fyrirtækið skuli leitast við að tryggja að söluvörur þess séu framleiddar samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og siðareglum.

ÁTVR leitast við að tryggja að söluvörur fyrirtækisins séu framleiddar samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og siðareglum.

Allt frá árinu 2009 hafa norrænu áfengiseinkasölurnar, Alko í Finnlandi, Systembolaget í Svíþjóð, Vinmonopolet í Noregi, Rúsdrekkasøla Landsins í Færeyjum og ÁTVR verið í samstarfi sem snýr að siðferðilegum grundvallarreglum í aðfangakeðjunni. Sameiginlegt markmið er líka að tryggja að söluvörur fyrirtækjanna séu framleiddar samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og siðareglum.

